

Fundur 15.4.2024 Peter Higgs, vísindamaður, dó 8.4.2024.

Góða kvöldið, komið þið sælir.

*Góða kvöldið.*

Mikil er ánægjan að vera komin í framlíf og hafa þessir undanfögnu dagar verið sífellt undrunarefni og var mér sagt að ekki væri mér unnt að koma fram á miðilsfundi, nema hjá ykkur, með þannig skýra frásögn af umskiptum mínum í framlífi, að það yrði rétt skilið sem líkamlegt líf í nýjum líkama, en ekki andlegt líf í andlegum líkama.

Og trúi ég því varla að ég sé að tala við fólk á gömlu jörðinni, er það svo ?

*Já, það er svo, sannarlega.*

Fagna ég því mjög og hylli ég ykkur fyrir framsýni ykkar fyrir að hafa verið fyrstir að uppgötva þetta á gömlu jörðinni og hefði það vissulega breytt mínum vinnubrögðum og flýtt fyrir frekari rannsóknum og framförum á þessu sviði.

Hef ég að vísu ekki gefið mér tíma til að fræða mig um nýja hnöttinn sem ég er kominn á, svo mikil er undrunin að ég skuli vera í nýjum líkama á hnetti, en ekki í himnaríki kristinnar eða andaheimi.

Er ég hér nýlega komin upp af svæði miklu, þar sem eru fossar og lindir og heitir hverir, þar sem fyrst kom fram, fyrir utan mínar alfyrrstu minningar á grænum velli og nakinn að auki, ha ha.

*Já það er alvanalegt.*

Sögðu læknarnir mér að ég væri orðinn nógu hress til að tala við ykkur, en er ég þó enn þá á hressingarhæli að ná fullum styrk eftir umskiptin.

Og mun ég reyna að koma síðar, þegar ég hef áttað mig betur og get komið inn á vísindaleg málefni betur.

Er það mikil gleði fyrir mig að ég skuli hafa yngst upp og laus við ellihrumleika og sjúkdóma sem hrjáðu mig og hér er konan mín komin að auki og er ung og hraust, og er það mikil hamingja.

Og held ég að vísindin myndu mikið breytast til batnaðar ef þetta væri vitað á gömlu jörðinni og vil ég margt af þessu segja við tækifæri, ég vil að eins segja að orka mín er mikil og er hún meiri en ég hef haft um áráraðir og jafnast á við það þegar ég var í blóma lífsins, og þó er munur á mér eftir tímum dagsins, en þetta fer allt upp á við.

Og er ég mjög forvitinn að rannsaka staðhætti og kynna mér lífið á þessum hnetti, ekki skil ég fullkomlega hvernig nýr líkami getur myndast úr hinum gamla líkama og vekur það mér furðu og er mér ekki örgrannt um að sérfræðimenntun mín geti komið þar að gagni í tímans rás og muni ég hugsanlega getað uppgötvað það betur það sem fram fer í þessum stórmerkilegum umskiptum, að maðurinn skuli fá nýjan líkama en ekki andlegan eftir dauðann.

*Já og getur þreifað á líkamanum.*

Já, nafn mitt er Peter Higgs stjarnvísindamaður og eðlisfræðingur og stærðfræðingur.

*Já vertu velkominn.*

Já, þakka ég fyrir, veit ég ekki hvort þið kannist við mig, en eind nokkur er við mig kennd, sem nefnd hefur verið guðseindin og get ég kannski komið inn á það síðar, en hún er ein af þessum eindum tilverunnar sem ekki var hægt að sanna, og er tilvist hennar nokkurs konar undur, en aðeins eitt af mörgum undrum tilverunnar.

Er ég mjög forvitinn að komast að því hvernig öreindirnar raðast saman og mynda nýjan líkama á þessum hnetti og hef ég heyrt úrskýringar sem ég get ekki endurtekið að sinni, en vil ég gjarnan koma síðar og koma inn á þetta ef mér er það unnt.

Veit ég að það mun undra marga ef þeir fréttu að ég sé komin fram á nýjum hnetti, en vonandi tekst mér að koma með vísindalegar sannanir eða kenningar í gegn síðar ef mér tekst að komast aftur í sambandið við ykkur.

Vil ég nú kveðja ykkur að sinni, þakka ég fyrir og verið þið sælir.

*Þakka þér fyrir komuna og vertu sæll.*